

# Starfsáætlun leikskólans

## Víðivalla

---

2023 - 2024









## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar. Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	5
1. Inngangur .....	7
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	9
2.4 Matsáætlun .....	9
2.1 Innra mat leikskólans.....	9
2.2 Húsnæði og lóð.....	9
2.3 Ytra mat.....	9
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál .....	12
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	12
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
5. Aðrar upplýsingar .....	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	15
5.4 Almennar upplýsingar .....	15
5.5 Áætlanir .....	16
Fylgirit.....	16
• Matsgögn.....	16
• Leikskóladagatal .....	16
• Umsögn foreldraráðs.....	16
• Annað .....	16

## 1. Inngangur

Skólaárið hófst með hefðbundnum hætti eftir sumarfrí barna og starfsmanna. Aðlögun milli deilda hófst í lok ágúst og aðlögun nýrra barna inn í leikskólann stóð svo út september og fram í byrjun október. Aðlögun gekk vel en vegna fatlaðs barns sem byrjaði á Ungadeildinni í haust þá fylltum við ekki deildina um haustið. En um áramót fluttist eitt barn frá okkur og voru þá þrjú börn sem fengu pláss hjá okkur í janúar og skólinn fylltur.

Þennan vetur voru tveir leikskólakennaranemar hjá okkur. Það er gleði okkar og skylda að taka við nemum. Enda bætir það starfið okkar að fá inn ferska sýn, spurningar og vangaveltur nema.

Tveir starfsmenn hjá okkur eru við nám í leikskólakennarafræðum og einn sem klárar M.ed. í kennslufræði yngri barna í grunnskóla. Deildarstjóri á eldri deild fékk leyfisbréf kennara í vetur, auk þess eru tveir starfsmenn sem stefna á MT í leikskólakennarafræðum í haust og einn starfsmaður sem stefnir á leikskólaliðabrot í Borgarholtsskóla. Það er mikils virði að Hafnarfjarðarbær styðji og hvetji starfsfólk sitt til að fara í nám og auka þar með fagvitund sína og eflast sem einstaklingar og starfsmenn.

Foreldrum eða staðgenglum þeirra er boðið í foreldrakaffi tvisvar á skólaárinu, þá er foreldrum boðið að koma og borða síðdegiskaffi með börnunum sínum klukkan 14:30 og alltaf er vel mætt á þessa viðburði. Foreldrakaffi þetta skólaárið var á bleika daginn 13.október og á degi leikskólans 6.febrúar.

Inngilding er stór og órjúfanlegur þáttur hjá okkur á Víðivöllum og við leggjum okkur fram um að allir starfsmenn taki þátt í að skapa umhverfi þar sem allir eru virkir þátttakendur og tilheyri, óháð líkamlegu eða andlegu atgervi. Á þetta bæði við um börnin og starfsfólkið, en í okkar starfsmannahópi eru tveir starfsmenn í atvinnu með stuðningi. Þetta skólaár voru tólf börn sem fengu stuðning úr fyrsta og öðrum flokki og það voru 71 klukkustund á dag í heildina.

Skráningardagar eru dagar sem börn þurfa sérstaklega að skrá mætingu í leikskólann. Þetta eru vetrarfrín, tveir dagar fyrir og tveir dagar eftir áramót, dagarnir í kringum jólin og svo dymbilvikan. Skráningar á þessu skólaári gengu vel og það gekk vel að manna skólann þessa daga en hluti starfsmanna tekur út styttingu á þessum dögum.

Desember er mikill uppbrotsmánuður og þá er brugðið út af vananum á öllum deildum, en mismikið eftir aldri barnanna. Elstu börnin sækja jólatré í skógrækt Hafnarfjarðar sem og fara með jólaskraut sem þau föndruðu í jólaþorpið. Að auki er þeim boðið að horfa á leiksýningu í Víðistaðakirkju.

Öllum börnunum er boðið í kyrrðarstund og kakó í fríkirkju Hafnarfjarðar og að heimsækja Sívertsen hús til þess að fræðast um jólin í gamla daga. Eldri börnin fara í heimsókn í Árbæjarsafn. Jólamatúr og jólaball er svo alltaf haldið á sama degi, en þá gleðjumst við saman í salnum, dönsum í kring um jólatréð og fáum jólasveina í heimsókn.

Í janúar fræðumst við um hvernig lífið var í gamla daga, þá erum við með ljósalausán dag, börnin mæta með vasaljós og fá að upplifa starfið í myrkri. Á bóndadaginn erum við með þorablót, þá búa börnin til víkingahatta og smakka þorramat. Fyrsta vikan í febrúar er svo tannverndarvika og þá fræðast börnin um tannheilsu.

Töluverðar breytingar á yfirstjórn skólans á skólaárinu 2023-2024. Svanhildur aðstoðarleikskólastjóri fór í fæðingarorlof frá 3.maí 2023 til 1.febrúar 2024 og María Kristjánsdóttir þroskaþjálfari leysti hana af á þessu tímabili. Arnrún leikskólastjóri lét af störfum 1.apríl 2024 og Svanhildur var ráðin sem leikskólastjóri. Ekki er búið að ráða í stöðu aðstoðarleikskólastjóra.

Verkherinn er atvinnuúrræði fyrir ungmenni með fatlanir á aldrinum 16- 20 ára og sumarið 2023 var fyrsta skipti sem þau komu í starfsþjálfun með fylgdarmann aðstoðuðu við starfið í leikskólanum. Þetta gekk ljómandi vel og verkherinn er hjá okkur aftur í sumar 2024. Þetta sumarið er leikskólinn svo lokaður í 3 vikur frá 12.júlí til 5.ágúst. Það gekk vel að skipuleggja starfið í sumar og allir komast í fríin sem þeir óskuðu eftir.



## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.4 Matsáætlun 2024-2025

Starfsvið	Viðfangsefni	Matsþáttur	Viðmið	Ábyrgð	Þáttakendur	Aðferð	Tími
Haust 2024							
Stjórnun	Faglegt samstarf	Deildarstjóra-samstarf	Deildarstjórar ná að hittast reglulega að skipuleggja starf saman	Skólastjórar og deildarstjórar	Deildarstjórar og skólastjórar	Skráning á tímum sem deildarstjórar ná að hittast með markmið og niðurstöður	Haust 24
Uppeldis og menntastarf	Skipulag náms og námsaðstæður	Blær og Lubbi	Blæ-stundir og Lubba-stundir séu fastar í dagskipulagi á öllum deildum	Deildarstjórar	Deildarstjórar og starfsmenn deilda	Skráning á stundum og tekið fram ef féll niður og af hverju	Haust 24
Vor 2025							
Mannauður	Samvinna og samstarf	Hópstjórar	Hópstjórar samræmi aðferðir og námsefni milli deilda	Deildarstjórar	Deildarstjórar og hópstjórar	Hópstjórar hittist 1x í mánuði og ræði hópastarfið	Vor 24
Leikskólabragur	Þáttaka foreldra í leikskólastarfi	Foreldraráð, foreldrafundir, foreldrafélag	Foreldrar séu virkir þáttakendur í að móta nám og leik barnanna á víðivöllum. Fái tækifæri til að hafa skoðun á því sem fer fram í daglegu starfi.	Leikskólastjóri	Allir starfsmenn	Skipulagðir fundir með foreldraráði og foreldrafélagi. Skýra hlutverk foreldrafélags og foreldraráðs og halda foreldrafundi 2x á ári.	apríl og maí 24

### 2.1 Innra mat leikskólans

Ekki er til skráning um innra mat leikskólans á skólaárinu 2023-2024.

### 2.2 Húsnæði og lóð

Stefán Eiríkur umsjónamaður fasteigna, Ingibjörg garðyrkjustjóri og Svanhildur funduðu vegna húsnæði og lóðar 4.apríl 2024. Forgangsverkefni sumarsins 2024 verður að færa og stækka rusla gerði og loka garðinum þar með girðingu. Laga aðgengi að hjólastólustæðum og setja aðgengilegan kastala Bangsagarðinn, sem og bæta aðgengi hjólastóla og göngugrinda niður á það svæði í garðinum. Garðurinn kemur vel undan vetri og ekki þörf á viðgerðum á grasi eða lóð. Fylla þarf í holur í malbiki í Kisugarði við girðinguna neðst í garðinum, börnin grafa upp úr þeim.

### 2.3 Ytra mat

Foreldrakönnun var framkvæmd á þessu ári 1.febrúar til 1.mars af skólapúlsinum.

Prósent framkvæmdi vinnustaðgreiningu 1.janúar til 1.febrúar.

### 2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Umbótaáætlun skv. niðurstöðum foreldrakönnunar			
Tækifæri til umbóta	Tillögur að umbótum	Ábyrgð	Dags.
Aðlögun	Foreldri sem sinnir aðlögun fái að vita hver tengiliður inná deildinni er	Deildarstjóri	ágúst - október
	Foreldrar fái afhent foreldrahandbók og skóladagatal við fyrsta dag í aðlögun	Leikskólastjóri og deildarstjóri	ágúst - október
Upplýsingamiðlun	Allt starfsfólk skrifi upplýsingar í skilaboðasjóðu deildarinnar og skili upplýsingum á milli.	Deildarstjóri	allt skólaárið
	Allir hópstjórar upplýsi foreldra um starfið sem fór fram í vikunni á Facebook og/eða Völu.	Hópstjórar	allt skólaárið
Tengsl foreldra við starfsfólk	Myndir af starfsfólki í andyri allra deilda. Kynna starfsmannabreytingar á facebook síðu deildarinnar.	Deildarstjóri	allt skólaárið
Þekking foreldra á starfsemi skólans	Halda foreldrafundi 2x á ári, einn að vori þar sem starfsemi skólans er kynnt og einn að hausti þar sem deildirnar eru kynntar sérstaklega.	Leikskólastjóri	maí og október

Það er mikið að huga að varðandi umbætur eftir vinnustaðagreiningu. Það voru margir þættir mjög slakir og því mikilvægt að skoða hvar er mest aðkallandi að byrja. Það var fundur með starfsfólkinu í apríl og þar kom fram að starfsfólk vill fá meira samræmi milli deilda og meiri tíma til að undirbúa saman, en undirbúningstíminn er það fyrsta sem fellur niður þegar það eru mikil veikindi í húsi. Einhverjir töluðu um hvort hægt væri að skipuleggja fram í tímann hvernig dagurinn gæti litið út þegar það er lágmarks-mönnun.

Umbótaáætlun skv. niðurstöðum vinnustaðargreiningar			
Tækifæri til umbóta	Tillögur að umbótum	Ábyrgð	Dags.
Samræmi milli deilda	Hópstjórar haldi utan um hópastarf í möppu og skipuleggi starfið út frá tímabilum orðaforðanámskrár og skóladagatafs. Hópar á sama aldri hittist milli deilda lágmark einu sinni í viku.	Deildarstjóri	Haust 2024, endurmetið um áramót
Undirbúningstímar	Undirbúningstímar séu skipulagðir betur út frá mönnun dagsins - sérkennslan tekin betur inn í dæmið.	Leikskólastjóri	Haust 2024, endurmetið um áramót
Skipulag við lágmarksmönnun	Plan B inná deild varðandi útiveru o.fl. miðað við grunnmönnun.	Deildarstjóri	Haust 2024

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Við ætlum að styrkja og fræða starfsfólkið okkar betur. Þetta er gert til þess að starfsfólkið finni til meiri ábyrgðar og hafi möguleika á að vera sjálfstæðara í starfi. Til þess að gera þetta ætlum við að setja upp hópstjóramöppur. Þannig ætlum við að samræma meira milli deilda á skólanum og styrkja hópastarf barnanna. Mappa sem er afhend hópstjórum í byrjun skólaárs með upplýsingum um skólaárið, orðaforðanámskrá og fleira námsefni. Sniðmát að skipulagsblöðum sem hópstjórar nota til að skipuleggja hópstundir fram í tímann. Hópstjórar bæta svo við í möppuna og safna yfir árið alls kyns upplýsingum. Í möppunni eru einnig upplýsingar um grunnþætti menntunar og nám barna. Deildarstjóri og hópstjóri halda utan um möppuna og að hún sé notuð. Endurskoðað um áramót, hvað nýttist og hvað nýttist ekki. Hvort það megi bæta einhverju við eða taka eitthvað út.

Í samráði við Ragnhildi Vigfúsdóttur teymisþjálfara og ráðgjafa, ætlum við að styrkja stjórnendateymi (skólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri) leikskólans. Markmiðið er að stjórnendateymi leikskólans sé með betri verkaskiptingu og skýrari hlutverk. Styrkja stjórnendur til þess að styrkja svo allt starfsfólkið. Þetta byrjar á vinnu með Ragnhildi strax í haust 2024 en verður svo í stöðugu endurmati meðal stjórnenda skólans á hálfis árs fresti, hvað það er sem við getum gert til að halda stjórnendateyminu sterku og samræmdu.

Við ætlum að byrja vinnu við að móta námskrá skólans. Fyrsta skref er að setja niður hvaða þætti við viljum byrja á að skerpa, og móta okkur stefnu út frá vinnu á skipulagsdögum og morgunfundum. Þetta er framtíðarverkefni og ekki komið nánara skipulag varðandi námskrágerð.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Kennari
Aðstoðarleikskólastjóri	0	0%	
Sérkennslustjóri	1	85%	Þroskaþjálfari
Deildarstjóri í leikskóla	3	275%	Leikskólakennarafræði
Háskólamenntaður deildarstjóri í leikskóla	1	100%	Sjúkraþjálfari
Leikskólakennari	5	410%	Leikskólakennarafræði Grunnskólakennarafræði
Þroskaþjálfari	4	385%	
Háskólamenntaður starfsmaður	6	450%	Sálfræði, uppeldis- og menntunarfræði, ferðamálafræði, b.ed. í leikskólakennarafræðum, hjúkrunarfræði, myndlist
Háskólamenntaður sérkennari í leikskóla	1	100%	Sálfræði
Leikskóla- og frístundaliði	12	1175%	Grunnskólapróf eða stúdentspróf
Stuðningsfulltrúi	3	290%	Stuðningsfulltrúi

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru ekki tekin haustið 2023. Vegna aðstæðna voru starfsmenn hvattir til að skrá sig í styttri starfsmannasamtöl í apríl og maí 2024. Innihaldið í þeim var eftirfarandi:

- Nefndu eitthvað eitt sem þér finnst frábært á vinnustaðnum og eitthvað eitt sem þú myndir vilja breyta.
- Hvernig er líðan þín í vinnunni?
- Eru óskir um breytingar á starfi þínu næsta haust?

Helstu niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum:

Fólki líður almennt vel í vinnunni, finnst vera mikið álag.

Það sem fólk vil ekki missa: Söngstundir á föstudögum, starfsandinn og samvinna, Tákni með tali.

Það sem fólk vill breyta: Meira lýðræði meðal barnanna, meira uppbrot á vinnutíma meðal starfsfólks, meira samræmi milli deilda, breyta útveruskipulagi.

Almennt eru ekki óskir um breytingar á starfi eða tilfærslur milli deilda fyrir næsta haust.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

PECS grunnnámskeið – Kristín Helga, Agnes Logadóttir, Eyrún Edvarðsdóttir, Huginn Friðriksson

Saga Story House, næring í starfi - Allur starfsmannahópurinn.

Hugarfrelsi kom á skipulagsdag með fyrirlestur.

Blær – Nína Edvards, Saga Jónsdóttir

Kennum nýja færni – Agnes Logadóttir, Berglind Magnúsdóttir

Hljóm2 – Jónína Dögg Loftsdóttir

EF12 – Eyrún Edvardsdóttir og Jónína Dögg Loftsdóttir

TRAS – Jónína Dögg Loftsdóttir

Kraganámskeið um málþroska og undirstöðuþætti læsis – Agnes Logadóttir og Dagmar Líf Pórarinsdóttir

Tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum til 8 ára aldurs – Saga Jónsdóttir

Að kenna böhugleiðslu, Heillastjarna – Jónína Dögg Loftsdóttir

#### **4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum**

Við stefnum á að fá námskeið í Lubba á skipulagsegi næsta skólaár sem og Vináttuverkefni barnaheilla, Blær.

Vorráðstefna RGR – Maí 2025

Fræðslu um áföll barna frá skólaskrifstofunni.

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

Fjöldi barna í leikskólanum	85	
Kynjahlutfall	D: 52%	S: 48%
Dvalarstundir	682,75	
Deildargildi	5,58	
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. Greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki	12	
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroska, hegðunar, þroska, annað)	15	
Fjöldi barna með ofnæmi	3	
Fjöldi barna með óþol	1	
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	14	
Fjöldi tungumála	10	
<b>Þjóðerni forsjáraðila</b>	<b>Foreldrar</b>	<b>Börn</b>
Pólland	3	2
Úkraína	1	2
Srí Lanka	4	2
Íran	2	1
Írak	2	1
Lettland	2	2
Ghana	1	1
Ítalía	1	1
Litháen	3	2
Tékkland	1	1

### 5.2 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði sitja Tinna Þórarinsdóttir, Sigríður Arnfjörð og Elsa Valgarðsdóttir.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra og forsjáraðila barna á Víðivöllum var haldinn 14.maí 2024.

Foreldraviðtöl eru skipulögð af deildarstjóra að vori hvert ár.

Foreldrafélagið skipuleggur jólaskemmtun fyrir börnin (jólaball með jólasveinum og gjöf frá honum) og sumarhátíð að vori.

Sumarhátíðin var haldin 19.júní frá 14:30. Foreldrafélagið leigði hoppukastala frá Rentaparty, skemmtiatriði frá bestu lög barnanna og svo voru grillaðar pylsur og boðið uppá ís.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

September: Kennarar leikskólans hafa samband við kennara 6 ára barna í Víðistaðaskóla og þeir tala sig saman um samstarf milli skólastiga þann veturinn.

Október: Börnin á Víðivöllum fara í heimsókn í kennslustofu, fer eftir fjölda nemenda hvort þarf að skipta hópnum, miðað er við að þessi stund sé leik eða listastund. Morgunstund hentar í flestum tilfellum best og er gott að nýta heimsókn á leikvöllinn í leiðinni, fara í frímínútur.

Nóvember: Í tilefni dags íslenskrar tungu fáum við 2-4 börn úr eldri bekkjum (4. Bekk) í heimsókn og þau lesa upp fyrir okkur sögu eða ljóð.

Desember: Börnum á leikskólanum boðið á leiksýningu í Víðistaðakirkju.

Febrúar: Börnin á leikskólanum koma í heimsókn í kennslustofu, þá hafa kennarar unnið verkefnabók sem börnin fá að vinna í kennslustund.

Mái: Leikskólabörnin koma í heimsókn þar sem skólastjórinn tekur á móti hópnum, það verður gengið með þau um skólann, þeim sýnd leikfimi aðstaða, tónlistarherbergi, matsalur og komið við hjá hjúkrunarfræðingi sem dæmi. Taka börnin einnig þátt í frímínútum og hádegismat.

Ein heimsókn er svo farin þar sem börnin fara í heimsókn á bókasafnið og er kynnt aðstaðan þar.

### 5.4 Almennar upplýsingar

- Morgunfundur, mánudaginn 21.ágúst
- Skipulagsdagur, mánudaginn 18.september
- Morgunfundur, þriðjudaginn 10.október
- Skipulagsdagur, mánudaginn 13.nóvember
- Morgunfundur, fimmtudaginn 7.desember
- Skipulagsdagur, mánudaginn 15.janúar
- Skipulagsdagur, mánudaginn 26.febrúar
- Morgunfundur, miðvikudaginn 13.mars
- Skipulagsdagur, föstudaginn 10.mái

Foreldrar og starfsfólk gerði athugasemdir við að allir skipulagsdagar voru á mánudögum. Gerðar voru úrbætur við skóladagatalsgerð næsta árs.

## 5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við.
  - slysum
  - áföllum
  - Heimsfaraldur
  - annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

### Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

---

Leikskólastjóri